

Geta Íslendingar lært af reynslu Nýfundnaland?

Eftir Hall Hallsson

Sitt hvorum megin við Hvarf – syðsta odda Grænlands – eru Ísland í austri og Nýfundnaland í vestri. Íslendingar eru liðlega 300 þúsund, Nýfundlendingar liðlega fimm hundruð þúsund, þar af 25 þúsund íbúar Labrador. Árið 1980 voru Íslendingar 230 þúsund en íbúar Nýfundnaland og Labrador 568 þúsund. Á aldarfjórðungi hefur Íslendingum fjölgað um 75 þúsund á sama tíma og Nýfundlendingum hefur fækkað um 60 þúsund – voru 508 þúsund árið 2008. Eyjan Nýfundnaland er svipuð að stærð og Ísland.

Nýfundlendingar eru kanadískir ríkisborgarar aðallega af breskum uppruna.

St. John's með 180 þúsund íbúa er rúmri breiddargráðu sunnar en París – talsvert sunnar en Dyflinni.

Meðahiti í júlí er 20 gráður en einnar gráðu frost í janúar sem gerir hana hlýjustu borg Kanada að vetrarlagi þó hiti geti farið niður fyrir 20 gráður. St. John's er elsta borg enskumælandi í N-Ameríku. Landkönnuðirinn John Cabot kom til St. John's árið 1497 á degi Jóhannesar skírara – fimm árum á eftir Kristóferi Kólumbusi og tæpum fimm hundruð árum á eftir Leifi heppna Eiríkssyni sem reisti bústað þar sem nú heitir L'Anse aux Meadows og er á heimsmínjaskrá Sameinuðu þjóðanna. Árið 1583 var Nýfundnaland lýst ensk nýlenda.

Senn eru sextíu ár liðin síðan Nýfundnaland gekk í kanadíska ríkjasambandið. Þar er viðvarandi landlægt atvinnuleysi – nú tæp 14% , einna lægstu tekjur á mann innan kanadíska ríkjasambandsins, hæstu skattar og landflótti. Í Kanada búa um 32 milljónir manna.

Samskipti stjórnvalda í St. John's annars vegar og Ottawa hins vegar einkennast af stírn og tortryggni þrátt fyrir sameiginlegan uppruna. Í árslok 2004 var kanadíski fáninn tekinn niður við opinberar byggingar á Nýfundnalandi að skipan stjórnvalda í St. John's. Það var dramatísk gjörð – mótmæli gegn kanadísku valdi í Ottawa. Forsætisráðherra Nýfundnaland sakaði kanadísk stjórnvöld um svik við íbúa. Það þykir líklegt til vinsælda í St. John's að steyta hnefa í átt að Ottawa. Nýfundlendingar rekast illa innan kanadíska ríkjasambandsins og bölvja gjarnan stjórnvöldum í Ottawa í sand og ösku en eiga sér ekki undankomu auðið.

Í kreppunni miklu á þriðja áratug 20. aldar sögðu Nýfundlendingar sig til sveitar eftir að þjóðarskuldir uxu þeim yfir höfuð. Þjóðin missti efnahagslegt sjálfstæði í hruninu mikla á Wall Street eftir skuldasöfnun og pólitísk hneyksli undangengins áratugar. Fólki marseraði gegn stjórnvöldum, forsætisráðherrann átti fótum fjör að launa þegar lýðurinn tók yfir stjórnarráðið í St. John's, braut þar og bramlaði. Þjóðin hafði haft sömu stöðu og Ástralía og Kanada í breska heimsveldinu en fullveldi hrundi eins og spilaborg. Fræðimenn hafa velt vöngum yfir þessari harmsögu; bent á pólitískt sukk, skuldasöfnun og óráðsú en líka harmleik þjóðar í fyrra heimsstríði þegar 5.500 ungir menn voru sendir í evrópskar skotgrafir; fimmtán hundruð féllu og 2.300 særðust. Það var skelfilegt áfall 250 þúsund manna þjóð – fjórðungur ungra manna féll í valinn. Á örlagaríki morgni við Beumont-Hamel í Frakklandi missti þjóðin 700 manns. Blóðbaðið í Evrópu var slíkt áfall viðkvæmu samfélagi að það átti þátt í hruninu hálfum öðrum áratug síðar. Árið 1934 var landinu skipuð stjórn embættismanna sem heyrði undir London.

Þjóðin var í sárum og deilur hatrammar.

Árið 1946 voru haldnar kosningar til stjórnlagabings sem samþykkti þjóðaratkvæðagreiðslu um tvo kosti; embættismannastjórn sem heyrði undir London eða fullt sjálfstæði. Joey Smallwood, leiðtogi sambandssinna, safnaði fimm þúsund undirskriftum til stuðnings inngöngu í kanadíska ríkjasambandið og sendi breskum stjórnvöldum í Whitehall. Þrátt fyrir samþykkt stjórnlagabingsins settu Bretar nafn Kanada á kjörseðilinn og neituðu Nýfundlendingum um aðstoð ef þjóðin héldi sjálfstæði. Áður hafði Kanada þvertekið fyrir að veita efnahagsaðstoð enda ríkur vilji til þess að innlima þennan austasta hluta Ameríku. Hins vegar bauð Kanada yfirtöku skulda ef þjóðin gengi í ríkjasambandið.

Joey Smallwood, sósíalisti á yngri árum og síðar óskoraður leiðtogi frjálslyndra, var afar umdeildur og þótti ráðríkur sem forsætisráðherra Nýfundnaland í tæpan aldarfjórðung. Smallwood fór til samninga í Ottawa 1947 við afar umdeildar aðstæður. Við heimkomuna stofnaði Smallwood dagblaðið The Confederate sem barðist ótullega fyrir málstað sambandssinna. Í baráttunni miklu 1948 lofaði hann þjóð sinni gulli og grænum skógum, velsæld og framförum í kanadíska ríkjasambandinu. Árið 1986 var Smallwood sæmdur æðsta heiðursmerki Kanada.

Samskipti Smallwood við pressuna voru stormasöm; ekki síst gamla vinnustað hans og stærsta dagblað landsins, The Evening Telegram sem hann ítrekaði höfðaði mál á hendur og hótaði að svipta opinberum auglýsingum. Blaðið kemur nú út einu sinni í viku, á laugardögum undir nafninu The Weekend Telegram. Blaðið hélt hlutleysi í deilunum um sjálfstæði eða aðild að Kanada.

Árið 1948 fór fram þjóðaratkvæðagreiðsla um kostina þrjá; sjálfstæði þjóðar, embættismannastjórn eða inngöngu í kanadíska ríkjasambandið. Flestir greiddu atkvæði með sjálfstæði Nýfundnaland en tillagan náði ekki tilskildum meirihluta, svo nýjar kosningar voru boðaðar.

Deilur mögnuðust og klækjastjórnsmál tóku völdin. Gróa á Leiti hvíslaði að kaþólskir biskupar hefðu skipað kaþólikkum að greiða atkvæði með sjálfstæði. Hin eitilharða Óraníuregla brást hart við og hvatti mótmælendur til þess að kjósa með umsókn í Kanada. Í landinu voru tveir mótmælendur gegn einum kaþólikka.

Innganga í kanadíska sambandsríkið var samþykkt með 52% atkvæða gegn 48%, kjörsókn var 85%. Þannig höfðu 44,5% tekið orlagaríkustu ákvörðun í sögu þjóðar – afsal fullveldis. Það var svo breska þingið sem formlega samþykkti inngöngu Nýfundnaland í Kanada. Stjórnvöld í London og Ottawa voru sökuð um samsæri gegn þjóðinni og koma Nýfundnalandi undir kanadískan fána. Draumur landsfeðra Kanada um ríki frá Atlantshafi til Kyrrahafs hafði ræst. Nýfundnaland varð kanadískt hérað 31. mars 1949. Eftir inngöngu var Labrador hluti ríkisins í samræmi við úrskurð gerðardóms frá 1927.

Það höfðu tekist á tveir kraftar; hinn kanadíski hafði reynst hinum nýfundlenska miklu öflugri. Í áttatíu ár hafði Kanada ásælst eyjuna í austri. Þegar þjóðin féll á hnén eftir stórfelld mistök landsfeðranna gekk hún í kanadíska ríkjasambandið við afar umdeildar aðstæður. Hin beisku átök hafa gert það að verkum að sárin hafa ekki gróið.

Tilraunir til þess að fá Nýfundnaland inn í ríkjasambandið höfðu staðið yfir frá stofnun Kanada. Nýfundlendingar höfnuðu inngöngu árið 1869 og rúmum tveimur áratugum síðar sigldu samningaviðræður í strand. Það var árið 1892. Árið 1907 fékk Nýfundnaland stöðu fullvalda ríkis í breska heimsveldinu með sömu stöðu og Nýja Sjáland, Ástralía og Kanada. Skuggi Kanada, stóra nágrannans í vestri, vomaði stöðugt

yfir stjórnarráðinu í St. John's. Þegar Nýfundnaland gerði fríverslunarsamning við Bandaríkin neitaði London staðfestingu að kröfu stjórnvalda í Ottawa.

Þann 31. mars næstkomandi eru sextíu ár frá því Nýfundnaland gekk í kanadíska ríkjasambandið – varð tíunda fylkið eða ríkið. Samskipti stjórnvalda í St. John's við alríkisstjórnina í Ottawa hafa verið stíð og einkennst af tortryggni. Nýfundlendingar telja valdið fjarlægt og andæfa gjarnan. Það er líklegt til vinsælda að formæla alríkisstjórninni í Ottawa. Nýfundlendingar krefjast aukins forræðis eigin mála auk þess sem þeir telja að sig hafa verið hlunnfarna í mikilvægum málum þó ríkin í kanadíska ríkjasambandinu hafi mikið sjálfræði. Stórir málaflokkar eins og heilbrigðis-, velferðar- og menntamál eru á könnu einstakra ríkja. Alríkisstjórnin ræður jöfnunarsjóði sem dreifir fjármagni frá ríkari fylkjum til fátækari.

Nýfundlendingar urðu fyrir þungum bú sífjum þegar þorskstofnar hrundu á Miklabanka eftir áratuga ofveiði. Árið 1952 voru veidd um 300 þúsund tonn af þorski en liðlega 800 þúsund tonn árið 1968. Hin skelfilega offveiði var ekki síst útlendum togurum að kenna enda höfðu stjórnvöld í Ottawa haft öðrum hnöppum að hneppa en vernda fiskimið. Það voru engin þorskastríð á Miklabanka. Á fimmtán ára tímabili var átta milljón tonnum af fiski mokað um borð í ryksugutogara sem engu eirðu. Nýfundlendingar lýstu yfir 200 mílna lögsögu árið 1977 eftir að Ísland hafði unnið þorskastríðin gegn Bretum en þá var allt um seinan.

Árið 1992 lýstu yfirvöld í Ottawa yfir banni á þorskveiðum á Miklabanka. Þrátt fyrir það hefur þorskstofninn ekki náð sér á strik eftir áratuga veiðar ryksugutogara. Virtir vísindamenn hafa líkt eyðingu sjávarbotnsins á Miklabanka við eyðingu regnskóganna; togarnir hafi raskað svo sjávarbotni og gróðri að ekki verði aftur snúið. Hrun þorsksins var þungur kross að bera, draugabæir eru algeng sjón. Tortryggni í garð stjórnvalda í Ottawa er landlæg. Eftir að sjávarútvegsráðherra Kanada lagði blátt bann við þorskveiðum á Miklabanka og Lawrenceflóa árið 2003 lýsti forsætisráðherra Nýfundnalandss þvi yfir að St. John's myndi gefa út eigin þorskvóta í Lawrenceflóa. Enginn yrði sóttur til saka fyrir að brjóta fiskveiðibann alríkisstjórnarinnar. Meðal krafna stjórnvalda í St. John's er aukin aðkoma að stjórn fiskveiða.

Á níunda áratugnum fundust olíulindir á Miklabanka. Olían hefur að sönnu verið búbot en harðar deilur hafa risið um arð af olíuvinnslunni. Árið 1982 var kanadíska fánanum flaggað í hálfá stöng til þess að mótmæla meintri óbilgirni stjórnvalda í Ottawa. Árið 2004 sauð enn einu sinni uppúr þegar Danny Williams, pólitískur leiðtogi heimamanna, sakaði kanadíska alríkisstjórnina um svik við nýjan „Atlantssáttmála“. Íhaldsmaðurinn Williams sakaði stjórnvöld í Ottawa um að löðruna nýfundlensku þjóðina. Sjötfuprósent af olíutekjum rynnu til alríkisstjórnarinnar – heimamenn vildu allar tekjur heim í hérað. Svo harðar voru deilurnar að í árslok 2004 skipaði Williams að allir kanadískir fánar yrðu dregnir niður á opinberum byggingum. „Flag Flap“ varð mikið hitamál í Kanada og fánar fóru ekki upp fyrr en í janúar 2005. Þung orð féllu milli stjórnvalda í St. John's og Ottawa. „Þetta er óvirðing – þið móðgið alla Kanadamenn,“ sagði Paul Martin, forsætisráðherra Kanada, en stjórnvöld í St. John's svöruðu fullum hálsi. Alríkisstjórnin féllst á kröfur Nýfundlendinga um auknar tekjur af olíu.

Þegar fimm þúsund og fimm hundruð megawatta risavirkjun reis fyrir fjórtíu árum í Churchill-fljóti á Labrador risu harðar deilur um raforkulínur. Raflínur liggja um Quebecríki sem er sakað um að hafa neytt aflsmunar og þvingað fram samning á kostnað Nýfundlendinga. Enn þann dag í dag telja heimamenn sig ekki njóta eðlilegs arðs af rafmagninu sem selt er til Bandaríkjanna.

Nýfundnaland er rómað fyrir náttúrufegurð og árlega kemur um hálf milljón ferðamanna. St. John's gegnir

lykilhlutverki í túrisma landsmanna. Olían á Miklabanka hefur reynst borginni mikil guðsblessun í hremmingum undangenginna áratuga. Um sautján þúsund nemendur stunda nám í háskólanum í St. John's. Í borginni er öflug hafrannsóknarstofnun. Þar eru fleiri barir per haus en nokkurri annarri borg í N-Ameríku. Borgin státar af því að hafa haldið knattspyrnukappleik í undankeppni HM árið 1985 þegar Kanada komst í úrslit í Mexíkó. Síðan hefur kanadíska landsliðið ekki leikið HM-leik á velli George V í St. John's. Frá 1991 til 2005 tók íshökkýlið St. John's þátt í svokallaðri AHL deild; nokkurs konar 2. deild N-Ameríku en liðið var selt til Montreal árið 2005. Borgin státar af WWF glímukappanum Ed „Sailor“ White sem kunnur er í N-Ameríku. Íslendingar þekkja vel til flugvallarins í Gander sem áður var áningarstaður fyrir flug yfir Atlantshafið líkt og Keflavíkurflugvöllur er ennþá. Ferjuvélar hafa þar enn viðkomu. Í Gander búa um tíu þúsund manns en Atlantsflugið er svipur hjá sjón. Þó kom mikilvægi Gander sem öryggisflugvallar berlega í ljós 11. september þegar 39 þotum var skipað þar til landingar.

Er saga Nýfundnlands eitthvað sem Íslendingar geta lært af?